



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um möguleika barna á flóttu til að tjá sig um þeirra mál og þarfir

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hvernig, ef hún gerir það, gefur Reykjavíkurborg börnum á flóttu möguleika á að tjá sig um þeirra mál og þarfir? Líkt og kemur fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þá eiga börn rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim. Hér er spurt út í börn sem eru á flóttu og fylgdarlaus börn, börn sem bíða eftir niðurstöðu um alþjóðlega vernd eða sem hafa fengið synjun um alþjóðlega vernd.

Svar:

Í úttekt á starfsemi stoðdeildar Birtu var fengið álit og upplifun barna sem sóttu stoðdeildina á árunum 2019-2022. Einn fulltrúi starfshópsins, sem var fulltrúi UNICEF, stýrði þeirra vinnusmiðjum með börnunum. Sú skýrsla var kynnt í skóla- og frístundaráði haustið 2023. Þegar börn eru á flóttu eða fá stöðu flóttafólks og taka þátt í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík, hafa þau líkt og öll önnur börn tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum um málefni er varða þau. Í öllum grunnskólum Reykjavíkur eru starfrækt nemendafélög og við allar félagsmiðstöðvar eru starfrækt unglingaráð þar sem að börn hafa vettvang til að koma málefnum sínum á framfæri. Réttindaskóli Unicef og Réttindafélagsmiðstöð hafa verið innleidd í nokkrum grunnskólum og inn í félagsmiðstöðvar sem vinna í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim tilfellum þar sem börn eru enn að ná tókum á íslenski tungu er notast við þýðingarforrit til að öll börn fái tækifæri til að tjá sig á sínu sterkasta máli. Ungmennaráð er vettvangur þar sem ungt fólk á aldrinum 14-18 ára fá tækifæri til að tjá sig um málefni ungs fólks við borgaryfirvöld og er sá vettvangur meðal annars nýttur til að koma á framfæri málefnum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.